



Safnaðartíðindi

Seljasóknar

30. ÁRG. 4. TBL. Júní 2009



„Liggur í jötunni lávarður heims”

Komum saman í guðspjónustum kirkjunnar á jólunum

Þannig er kveðjan góða, sem við notum óspart um hátíðina. Enda er það mikilvægt að jólin verði góð, að við getum notið þeirra og þegið þá blessun sem jólunum fylgja. Í því marga sem við notum til að gera jólin góð, skulum við alltaf muna, að jólin eru fyrst og fremst hátíð trúarinnar. Gildi jólanna felst í því að hugsa um það innsta, kærleika Guðs og vináttu manna. Aðeins þegar

um það er rætt og hugsað, nær hátíðin tilgangi sínum og verður gleðileg. Í kirkjunni, sem við eigum saman og skyldum rækja, er það gert. Þar er sungið og fagnað á jólunum sem aðra daga, unnið að því sem gefur gleðileg jól. Sleppum því ekki að koma með fjölskyldum okkar þangað og eiga gleðileg jól.

Valgeir Ástráðsson

Gleðileg jól

Guðspjónustur í Seljak

Aðfangadagur

Aftansöngur kl. 18.

Séra Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Jólatónlist leikin frá kl. 17.30.
Blandaður kór syngur.

Miðnæturguðspjónusta kl. 23.30

Séra Valgeir Ástráðsson prédikar.
Jólatónlist leikin frá kl. 23.00.
Einsöngur: Elín Ósk Óskarsdóttir.
Kór Seljakirkju syngur.

Jóladagur

Hátíðarguðspjónusta kl. 14.

Séra Valgeir Ástráðsson prédikar.
Kór Seljakirkju leiðir safnaðarsönginn
Organisti: Tómas Guðni Eggertsson

Annar jóladagur

Guðspjónusta kl. 14

Séra Jón Ómar Gunnarsson prédikar.
Kór Seljakirkju leiðir safnaðarsönginn
Organisti Tómas Guðni Eggertsson

Guðspjónusta í Skógarbæ kl. 16

Séra Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.
Organisti: Tómas Guðni Eggertsson.

kirkju um jól og áramót

27. des.

Guðspjónusta kl. 14.

Í samvinnu við AA-deildir í kirkjunni
fyrir alla fjölskylduna

**Gamlárs-
dagur**

Aftansöngur kl. 18.

Séra Valgeir Ástráðsson prédikar.
Einsöngur: Anna Margrét Óskarsdóttir
Kór Seljakirkju leiðir safnaðarsönginn
Organisti: Tómas Guðni Eggertsson

**Nýárs-
dagur**

Guðspjónusta kl. 14

Séra Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.
Kór Seljakirkju leiðir safnaðarsönginn
Organisti: Tómas Guðni Eggertsson

Guðspjónusta í Skógarbæ kl. 16

Séra Valgeir Ástráðsson prédikar.
Kór Seljakirkju syngur.
Organisti: Tómas G. Eggertsson.

Jólaguðspjallið

En það bar til um þessar mundir að boð kom frá Ágústusi keisara, að skrásetja skyldi alla heimsbyggðina. Þetta var fyrsta skrásetningin og var gerð þá er Kýreníus var landstjóri á Sýrlandi. Fóru þá allir til að láta skrásetja sig, hver til sinnar borgar. Þá fór og Jósef úr Galíleu frá borginni Nasaret upp til Júdeu, til borgar Davíðs, sem heitir Betlehem, en hann var af ætt og kyni Davíðs, að láta skrásetja sig ásamt Maríu heitkonu sinni sem var þunguð. En meðan þau voru þar kom sá tími er hún skyldi verða léttari. Fæddi hún þá son sinn frumgetinn, vafði hann reifum og lagði hann í jötu af því að eigi var rúm fyrir þau í gistihúsi. En í sömu byggð voru hirðar úti í haga og gættu um nóttina hjarðar sinnar. Og engill Drottins stóð hjá þeim og dýrð Drottins ljómaði kringum þá. Þeir urðu mjög hræddir en engillinn sagði við þá: "Verið óhræddir, því, sjá, ég boða yður mikinn fögnuð sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur

Drottinn, í borg Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ungbarn reifað og liggjandi í jötu." Og í sömu svipan var með englinum fjöldi himneskra hersveita sem lofuðu Guð og sögðu: „Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu og velþóknun Guðs yfir mönnum". Þegar englarnir voru farnir frá þeim til himins sögðu hirðarnir sín á milli: "Förum beint til Betlehem að sjá það sem gerst hefur og Drottinn hefur kunnngjört okkur." Og þeir fóru með skyndi og fundu Maríu og Jósef og ungbarnið sem lá í jötu. Þegar þeir sáu það skýrðu þeir frá því er þeim hafði verið sagt um barn þetta. Og allir sem heyrðu undruðust það er hirðarnir sögðu þeim. En María geymdi allt þetta í hjarta sér og hugleiddi það. Og hirðarnir sneru aftur og vegsömuðu Guð og lofuðu hann fyrir það sem þeir höfðu heyrt og séð en allt var það eins og þeim hafði verið sagt.

Lúkasarguðspjall, 2. kafli.

Hvenær hefst starfið á nýju ári

Starf hinna ýmsu deilda fellur í fastan farveg fljótt á nýju ári.

Barnaguðspjónustur hefjast sunnudaginn 10. janúar kl. 11.

Fyrsti **mömmumorgun** verður þriðjudaginn 12. janúar kl. 10.

KFUK starfið byrjar mánudaginn 11 janúar kl. 17.30.

KFUM starfið byrjar fimmtudaginn 14. janúar kl. 17.30.

Barnakórinn verður með fyrstu æfingu nýs árs þriðjudaginn 5. janúar.

Æskulýðsfélagið Sela byrjar sína reglulegu starfsemi mánudaginn 11. janúar og verða fundirnir á þeim tímum á vorönn.

Fermingarfræðslan byrjar 5. og 6. janúar samkvæmt stundaskrá.

Fyrsti **bíbliulestur** vorannarinnar verður miðvikudaginn, 13. janúar.

Áfram verður fjallað um fjallræðu Jesú.

Fyrsta **samvera eldri borgara** á nýju ári verður þriðjudaginn 26. janúar.

Af himnum ofan boðskap ber oss, börnum jarðar, engla her. Vér fögnum þeirri fregn í trú, af fögnuð hjartans syngjum nú.

Í dag er heimi frelsi fætt, er fær vor mein og harna bætt það barnið þekkjum blessað vér, vor bróðir Jesús Kristur er.

Og oss til merkis er það sagt: Í aumum reifum finnum lagt það barn í jötu', er hefur heim í hendi sér og ljóssins geim.

Því gleðjumst allir, góðir menn, og göngum þangað allir senn, þá jólagjöf, Guðs son, að sjá, er sauða hirðar gleðjast hjá.

Æ, velkominn oss vertu þá, er vorar syndir tókst þig á. Oss, Jesús, kenn að þakka þér, að þínir bræður urðum vér.

Ó, Guð, sem ráð á öllu átt, hví ertu kominn hér svo lágt, í tötrum lagður hart á hey, sem hefðir dýrri bústað ei?

Þótt veröld öll sé víð og löng, sú vaggan er þér samt of þröng og þín ei verð, þótt væri' hún full af vegsemd þeirri, er skín sem gull.

Svo hefur, Drottinn, þóknast þér, og þá vilt speki kenna mér, að heimsins auð og allt hans glys þú eigi virðir meira' en fis.

Því bú til vöggu' í brjósti mér, minn besti Jesús, handa þér. Í hjarta mínu hafðu dvöl, svo haldi' eg þér í gleði' og kvöl.

Af hjarta' og tungu heilög dýrð sé Herrans Jesú föður skýrð. Heyr barna þinna bæn og þökk, og brjóstin, Guð, sjá glöð og klökk.

*Lúther - Stefán Thorarensen
Sálmabók nr. 85*



Safnaðartiðindi Seljasóknar
30. árg. 4. töl. Jól 2009

Seljakirkja
v/Raufarfel 109 Reykjavík. s: 567 0110
Heimasíða: www.seljakirkja.is
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Valgeir Ástráðsson
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson
Umbrot: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Prentun: Svansprent hf.
Upplag: 3000 eintök.